



Fasteignagjöld 2024:

i) Fasteignaskattur:

A-liður Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og það er skilgreint í a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 0,45% af heildarfasteignamati.

B-liður Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í b-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,32% af heildarfasteignamati.

C-liður Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og annarra eigna eins og þær eru skilgreindar í c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,50% af heildarfasteignamati.

Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmið sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

ii) Vatnsgjald:

Vatnsgjald verður 0,3% af heildarfasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitu sveitarfélagsins. Hámarksálagning verður 66.341 á sumarhús og íbúðarhús. Lágmarksálagning verður 19.915,-.

iii) Gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð:

Fráveitugjald verði 0,27% af heildarfasteignamati eigna sem tengjast fráveitukerfum sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 –6000 lítra kr. 14.901.

Rotþró 6001 lítra og stærra kr. 2.891 pr./m³

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, greiðist eftirfarandi:

Aukahreinsun á rotþró í tengslum við aðra hreinsun kr. 42.972 og kr 583 á hvern ekinn kílómeter.

Aukahreinsun á rotþró sem sérferð kr. 102.661 og kr. 583 á hvern ekinn kílómeter.

Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmið sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

iv) Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 1% af fasteignamati lóða.

v) Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2024:

Gjald fyrir grunneiningu íláta við íbúðarhúsnæði

Tegundir úrgangs og ílát:

Blandaður heimilisúrgangur (grátunna) 240 l ílát	34.133 kr.
Lífrænn heimilisúrgangur (brúntunna) 240 l ílát	8.774 kr.
Pappi og pappír 240 l ílát (blátunna)	5.243 kr.
Plast 240 l ílát (græntunna)	5.243 kr.

Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur söfnunarstöðva og meðhöndlun úrgangs

Innheimta skal gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva):

Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði 28.355 kr.

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli	18.928 kr.
Atvinnuhúsnæði (fyrirtæki)	41.088 kr.

Klippikort verða afhent greiðendum sorpeyðingargjalda.

Móttökugjald á einn m³: 6.700 kr.

Gjalddagar fasteignagjalda verði 8 talsins, innheimt mánaðarlega frá 1. febrúar 2024.
Eindagar eru 30 dögum eftir gjalddaga.